



Tilmæli 11/2015

Fyrri númer:
A 1622/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00162-9

Velferðarþjónusta í dreifbýli á Norðurlöndum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 29. október 2015 neðangreind tilmæli að tillögu velferðarnefndar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún gefi árlega skýrslu um stöðu mála í norrænu samstarfi um byggðastefnu, sem fjalli um þá málaflokka sem starfshóparnir fjórir hafa ákveðið, og greiningar á árangri þekkingaröflunar á Norðurlöndum;

að hún leggi mat á hvernig Norðurlandaráð geti átt hlut í norrænum vettvangi þekkingaruppbyggingar á þróun byggða þannig að vitneskja um hina ólíku geira sem starfshóparnir velja að vinna með berist stjórnarálafólki í nefndum Norðurlandaráðs sem fæst við sambærilega málaflokka og viðfangsefni á Norðurlöndum.

Kaupmannahöfn, 3. nóvember 2015

Höskuldur Þórhallsson
Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin
Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Nefndartillaga um velferðarþjónustu í dreifbýli á

Tilmæli 11/2015

Norðurlöndum

Fyrri númer:
A 1622/velferd

1. Tillaga nefndarinnar

Velferðarnefndin leggur til

að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00162-9

að hún gefi árlega skýrslu um stöðu mála í norrænu samstarfi um byggðastefnu, sem fjalli um þá málaflokka sem starfshóparnir fjórir hafa ákveðið, og greiningar á árangri þekkingaröflunar á Norðurlöndum;

að hún leggi mat á hvernig Norðurlandaráð geti átt hlut í norrænum vettvangi þekkingaruppbyggingar á þróun byggða þannig að vitneskja um hina ólíku geira sem starfshóparnir velja að vinna með berist stjórnmalafólki í nefndum Norðurlandaráðs sem fæst við sambærilega málaflokka og viðfangsefni á Norðurlöndum.

2. Aðdragandi

Velferðarnefndin veitir athygli einni af skilgreiningunum á *Byggðastefnu* (Wikipedia), en hún er sem hér segir: Stefna sem á ólíkan hátt og með ólíkum ráðum miðar að því að koma til móts við landfræðileg svæði sem í samfélaginu eru álitin vera jaðarsvæði, á kostnað svæða sem í samfélaginu eru álitin vera miðsvæði. Beinasta mynd byggðastefnu er bein peningayfirfærsla (styrkir) til ólíkra verkefna, til dæmis til að halda búsetu stöðugri.

Aukinn brottflutningur úr dreifbýlinu og aukinn aðflutningur til borga og höfuðborgarsvæða

Velferðarnefndin hefur áhyggjur af þeirri neikvæðu þróun sem varað hefur í mörg ár í dreifbýlinu, svæðum, sýslum og sveitarfélögum á Norðurlöndunum, Grænlandi, Álandseyjum og Færeyjum. Svæði sem kölluð eru „jaðarsveitarfélög“, upplifa gríðarlega aukinn brottflutning frá svæðinu til borga og stórborga, sem upplifa vandamál tengd of hröðum aðflutningi. Brottflutningurinn, í ljósi tvöfaldrar lýðfræðilegrar áskorunar á svæðunum, leggur tilboðið um góða, örugga velferðarþjónustu til íbúa Norðurlandanna undir verulegan þrýsting, vegna lélegs efnahags og skorts á tekjum til ört vaxandi útgjalda.

Margar aðgerðanna má líta á sem „sársaukastillandi verkjameðferð“, á meðan krefjandi, erfiðar umræður um hverjar eru raunverulegu ástæðurnar að baki, komast ekki jafn auðveldlega á pólitíska dagskrá. Það geta til dæmis verið umræður um hvern og hvað eigi að meðhöndla, langir biðtímar, eða hvort koma eigi á breytilegum sjúklingagjöldum eftir hópum. Pólitísku deilumálin eru mörg í umræðunni um skort á velferðarþjónustu á svæðunum, hvers vegna svo sé og tillögur að lausnum eru breytilegar meðal norrænna stjórnmalamanna.

Velferðarnefndin í Norðurlandaráði vill með nefndartillögunni setja byggða- og svæðastefnu á pólitíska dagskrá með áherslu á velferðarþjónustu í dreifbýli, og stuðla þannig að stefnumótandi umræðu

um aðgerðir á Norðurlöndum sem gæti laðað fram nýjar hugmyndir og fundið lausnir með norrænni nytsemi. Markmiðið er að skapa pólitískar lausnir með sjálfbærri byggða- og svæðastefnu með áherslu á velferðarþjónustu í dreifbýli.

Norðurlandaráð

Tilmæli 11/2015

Fyrri númer:
A 1622/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00162-9

Pólitískur munur á Norðurlöndunum um aðgerðir til að skapa sjálfbærar dreifðar byggðir og svæði

Velferðarnefndin veitir því athygli að mikill munur er á Norðurlöndunum með tilliti til þess hvernig ríkisstjórnirnar og þjóðþingin haga byggðastefnu á Norðurlöndum, Grænlandi, Álandseyjum og í Færeyjum, með tilliti til að viðhalda stöðugri búsetu og þróa sjálfbær samfélög. Það er verulegur munur á tillögnum að pólitískum ráðum sem lagðar eru fram til að þróa og efla samskipti milli borga og nágrennabyggðar. Skoðanir eru skiptar um hvernig eigi að skipta ábyrgð og fjármögnun á milli ríkis, svæða, sýslna og sveitarfélaga til þess að ná fram heildstæðri nálgun, sem tryggir borgurinum á ákveðnu svæði möguleika á að taka þátt í sjálfbærri þróun svæðisins við þróun velferðarþjónustu.

Heilsufarslegur og félagslegur munur á svæði sem glímir við efnahagsvanda

Spurningarnar á almennu pólitísku stigi eru oft á þennan veg: Í hve miklum mæli eiga ríki, svæði, héruð, sýslur og sveitarfélög að nota sterka efnahagslega hvata og ráð til að tryggja búsetu og jákvæða byggðapróun. Hvað þarf til þess að efla og þróa mikilvægustu innviði eins og: Skóla og háskóla, pósthjónustu, heilbrigðis- og velferðarþjónustu, flutninga, verslanir, upplýsingatækni og breiðband, menningartilboð, einkarekna og opinbera vinnustaði, stofnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SME), sköpun nýrra starfa hjá hinu opinbera, í einkageiranum og hjá frjálsum félagasamtökum, skattaávilnanir og fleira, til þess að taka á áskorunum framtíðar með meiru?

Frá velferðarpólitísku sjónarhorni veldur það áhyggjum að sjá að almenn tilhneiging er á Norðurlöndum til verulegs brottflutnings frá sveitarfélögum og svæðum til borga og höfuðborga, en þetta jókst í fjármálakreppunni 2008 með auknu atvinnuleysi, einkum meðal viðkvæmra hópa með litla eða enga tengingu við vinnumarkaðinn. Viðkvæmu hóparnir eiga á hættu að hafna í varanlegu ástandi fátæktar og langtíma atvinnuleysis. Þessar aðstæður setja meðal annars velferðarþjónustu á svæðum, í héruðum, sýslum og sveitarfélögum undir verulegan fjárhagslegan þrýsting og heilsufarslegur og félagslegur munur verður greinilegur milli borgar og stórborgar, milli svæða, sýslna og sveitarfélaga, með tilliti til framboðs á velferðarþjónustu til borgaranna á svæði sem býr við slæm efnahagsleg skilyrði.

Kerfisbundnar breytingar í samfélaginu

Velferðarnefndin hefur um margra ára skeið verið upptekin af að vinna gegn þessari þróun, í upphafi neikvæðrar þróunar, með því að leggja til sjálfbærar lausnir og nýsköpun og samstarf hins opinbera, einkaaðila og frjálsra félagasamtaka, á sviði heilbrigðis- og félagsmála, með tilliti til skipulags.

Velferðarnefndin hefur lagt fram fjölmargar tillögur sem leggja áherslu á kerfisbundnar breytingar, eins og til dæmis með Öndvegisáætlun II – norrænu stórátaki á sviði velferðar, heilbrigðis- og félagsmála, þróunar og samvinnu um velferðartækni, skipulagi vinnustaða í velferðarþjónustu á Norðurlöndum, skattaávilnunum, verulegri jöfnun milli sveitarfélaga, sterkum svæðum sem skapa heildstæða stjórnsýslu undir pólitískri stjórn, skiptingu ábyrgðar milli ríkis, svæða og sveitarfélaga, auknum lífsgæðum aldraðra á Norðurlöndum, aðgerðum til að skapa sjálfbært atvinnulíf án aðgreiningar á Norðurlöndum, sem getur spornað gegn „gettómyndun“ í

norrænum íbúðahverfum, alhliða hönnun, tillögu um lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk sem á að ljúka starfsþjálfun í dreifbýlinu, sköpun menningarvinnustaða, sköpun sérstakrar matarframleiðslu með hollustu að leiðarljósi, nýjum norrænum mat fyrir alla og fleira, listinn er langur.

Norðurlandaráð

Velferðarnefndin sér að í þessum málaflokki munu skipti á þekkingu og reynslu, rannsóknum og greiningum veita verulegt norrænt notagildi til þess að vinna gegn því að neikvæðar kerfisaðstæður „festi sig í sessi“.

Tilmæli 11/2015

Fyrri númer:
A 1622/velferd

Vinnuhópur Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (BSPC) um félagslega nýsköpun á Eystrasaltssvæðinu

Velferðarnefndin tekur þátt í vinnuhópi Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (Baltic Sea Parliamentary Conference (BSPC)) um félagslega nýsköpun. Vinnuhópurinn lagði niðurstöðurnar fram í Þýskalandi í skýrslu með pólitískum tillögum að lausnum innan þessa málaflokks í lok ágúst 2015 að loknu tveggja ára starfi.

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00162-9

Vinnuhópurinn leggur meðal annars áherslu á að heilbrigðis- og félagsmálasviðið verður að koma við sögu í auknum mæli í almennum markmiðum og samstarfsáætlunum um nýsköpun og endurskoðun á fagsviðunum, til þess að skapa hagvöxt til lengri tíma lítið, með hjálp nýrrar tækni, myndun nýrra starfa á velferðarsviði, á svæðum, í héruðum, sýslum og sveitarfélögum. Það er mögulegt að skapa „byltingarkenndar efnahagslegar breytingar“ með því að leggja áherslu á snemmtæka íhlutun og forvarnir. Með því á velferðarnefndin við að það verði að leggja áherslu á félagslega fjárfestingu á fjölda sviða sem glíma við vanda á heilsufars- og félagssviði sem finna má á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum.

Velferðarnefndin vísar til nefndartillögu frá 2013 A 1591: um Félagslega fjárfestingu á Norðurlöndum.

Ein af tillögunum í þessari nefndartillögu hljóðar svo: að efna til leiðtogafundar þar sem fjármálaráðherrar, heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar og aðrir norrænir ráðherrar sem málið varðar ræða við fræðimenn og aðra sérfræðinga um „Félagslega fjárfestingu á Norðurlöndum“

Velferðarnefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að efna til slíkrar ráðstefnu þar sem allir hlutaðeigandi aðilar, á pólitíska sviðinu, einkaaðilar, sérfræðingar, fræðimenn, frjáls félagasamtök og fleiri, geta skipst á reynslu um aðgerðir, ráð og áhrif til að taka á þeim áskorunum sem skipta máli til að tryggja velferðarþjónustu í hinum dreifðu byggðum Norðurlanda, Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum.

Norræn samstarfsáætlun í byggðamálum 2013-2016

Velferðarnefndin veitir því athygli að frá norsku ríkisstjórninni, til Stórþingsins, með skýrslu ST. 5 (2014 -2015): Norræn samvinna, má meðal annars lesa eftirfarandi undir byggðastefna (bls. 22 og 23):

„Grundvöllurinn að vinnunni í byggðamálum er norræna samstarfsáætlunin í byggðamálum (2013-2016). Framtíðarsýnin er að Norðurlöndin eigi að vera í fararbroddi í þróun nýrrar og öflugri byggðastefnu. Norræn samvinna á að færa aukna faglega þekkingu og veita innblástur til frekari þróunar byggðasjónarmiða og aðgerða. Norrænir ráðherrar sveitastjórnarmála bjóða samstarfsráðherrunum, öðrum hlutaðeigandi norrænum fagsviðum, sem og innlendum og alþjóðlegum stofnunum í sameiginlegt átak til sjálfbærrar svæðisbundinnar velferðarþróunar, til að stuðla að sjálfbærri byggðapróun á norðurslóðum og til að örva grænan hagvöxt á öllum svæðum.“

Fjórir vinnuhópar

Vinnunni er fylgt eftir af fjórum vinnuhópum:

1. Byggðapróun á norðurslóðum (undir formennsku Norðmanna)
2. Lýðfræði og velferð,
3. Græn verðmætasköpun með áherslu á: nýsköpun og
- 4.
5. Græn verðmætasköpun með áherslu á skipulagsmál og sjálfbær borgarsvæði.

Norðurlandaráð

Tilmæli 11/2015

Tengslanet

Til viðbótar hefur verið komið á fót tengslaneti sem leggur áherslu á byggðastefnu ESB í framtíðinni, þar sem Norðurlöndin eiga tök á að samræma starfið við nýtt evrópskt regluverk um byggðastyrki frá ríkinu og næstu gerð byggðastefnu landamærasvæða (Interreg). Tilgangurinn með hópunum er að skiptast á þekkingu og byggja upp færni um hina ólíku málaflokka og að móta tillögur að þróun norrænnar stefnu um málaflokkana sem vinnuhóparnir leggja áherslu á. Norræna ráðherranefndin fjármagnar að hluta norrænu rannsóknarstofnunina Nordregio, sem þróar gagnreynda þekkingu um málefni tengd byggðastefnu. Það er Nordregio sem sér um skrifstofuhald fyrir vinnuhópana.

Fyrri númer:
A 1622/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00162-9

Vinnuhópurinn um byggðapróun á norðurslóðum

Vinnuhópurinn um byggðapróun á norðurslóðum ætlar að eiga frumkvæði að breiðri rannsókn málaflokksins um framtíðarþróun á norðurslóðum, í formi atburðarrása eða framvirkra rannsókna. Markmiðið er að færa samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurslóðir fram á veg með því að safna saman, vinna úr og greina núverandi upplýsingar til viðbótar við mat á ólíkum forsendum um framtíðarþróun á svæðinu. Þetta mun stuðla að frekari þróun pólitískrar umræðu og veita faglegri þekkingu aukið vægi og heildstæðari mynd, og á þann hátt þróa pólitíska umræðu enn frekar.

Vinnuhópurinn um lýðfræði og velferð

Vinnuhópurinn um lýðfræði og velferð vill skapa sameiginlegan norrænan vettvang fyrir uppbyggingu þekkingar, fyrst og fremst um lýðfræði. Vinnuhópurinn um lýðfræði og velferð ætlar að þróa stóra norræna áætlun á þessu sviði. Markmiðið er að stjórnvöld heima í héraði og svæðisstjórnvöld þróa nýskapandi lausnir til að taka á áskorunum og nýta tækifæri sem koma í kjölfar lýðfræðilegra breytinga. Hér á að miðla og ræða þekkingargrunn og góðar fyrirmyndir sem grundvöll fyrir frekari þróun stefnu og stjórnsýslu í málefnum ríkja, svæða og héraða á Norðurlöndunum.

Vinnuhópurinn um græna verðmætasköpun leggur áherslu á

Vinnuhópurinn um græna verðmætasköpun leggur áherslu á nýsköpun og hefur markmið um að stuðla að vexti í grænu viðskiptalífi og atvinnusköpun með þátttöku bæði kvenna og karla. Það er þörf fyrir aukna þekkingu á forsendum umhverfistengds frumkvöðlastarfs og nýsköpunar. Skapa þarf þekkingu um ráð og aðgerðir til að stuðla að grænni nýsköpun bæði á svæðum og heima í héraði. Góð dæmi þarf að ræða og dreifa þeim til annarra svæða. Til þess að ná þessu fram verður gripið til aðgerða um kerfisbundið nám og yfirfærslu þekkingar.

Vinnuhópurinn um græna verðmætasköpun

Vinnuhópurinn um græna verðmætasköpun leggur áherslu á skipulagsstarf og sjálfbær borgarsvæði og hefur að markmiði að þróa skipulagsverkfæri fyrir borgir í þróun, þar sem þróun viðskiptalífs, skipulag ytra umhverfis, sem og tillit til loftslags og umhverfis skal skoðað í samhengi.

Ennfremur skal þróa dæmi um sjálfbær borgarmynstur sem geta verið góðar fyrirmyndir fyrir ólíkar gerðir svæða á Norðurlöndum og sem um leið geta verið innblástur fyrir önnur ríki Evrópu.

Í viðbót við að viðhalda A 1591: Tilmæli 9/ 2013- *Félagsleg fjárfesting á Norðurlöndum*, þá telur velferðarnefndin það vera mikilvægt að skýrslan úr Eyrstrasaltssamstarfinu (BSPC) *um félagslega nýsköpun*, sem var skilað í ágúst í ár, verði kynnt fyrir vinnuhópnum um lýðfræði og velferð, þannig að þau geti hugsanlega nýtt sér þá þekkingu sem þar kemur fram, þó að skýrslan fjalli meira um aðgerðahluta málaflokksins.

Norðurlandaráð

Tilmæli 11/2015

Fyrri númer:
A 1622/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 14-00162-9

3. Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindu leggur velferðarnefnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún gefi árlega skýrslu um stöðu mála í norrænu samstarfi um byggðastefnu, sem fjalli um þá málaflokka sem starfshóparnir fjórir hafa ákveðið, og greiningar á árangri þekkingaröflunar á Norðurlöndum;

að hún leggi mat á hvernig Norðurlandaráð geti átt hlut í norrænum vettvangi þekkingaruppbyggingar á þróun byggða þannig að vitneskja um hina ólíku geira sem starfshóparnir velja að vinna með berist stjórnmalafólki í nefndum Norðurlandaráðs sem fæst við sambærilega málaflokka og viðfangsefni á Norðurlöndum.

Nuuk, 22. júní 2015

Bente Stein Mathisen (H)

Christian Beijar (ÅSD)

Eeva-Maria Maijala (cent)

Helgi Abrahamsen (sb)

Jóhanna María Sigmundsdóttir (F)

Karin Gaardsted (S)

Lennart Axelsson (S)

*Penilla Gunther (KD) **Formaður***

Richard Jomshof (SD)

Sonja Mandt (A)